

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

3. apríl 2019

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands var haldinn í Þekkingarsetrinu á Húsavík miðvikudaginn 3. apríl 2019 kl.15:00. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf. Mætt voru Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Ögmundsson, Sverrir Thorstensen, Ari Páll Pálsson, Guðrún K. Aðalsteinsdóttir og Ólafur Jónsson. Aðalsteinn stýrði fundi og Ari Páll ritaði fundargerð.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta í starfi liðins árs. Stjórnin hélt aðeins einn formlegan fund frá síðasta aðalfundi en flest mál voru afgreidd með tölvupóstsamskiptum.

Á síðasta ári stóð Fálkasetrið fyrir einum fræðsluviðburði. Það var fræðsla um Theodór Gunnlaugsson sem haldin var á Bjarmalandi þann 12. ágúst. Viðburðurinn fór fram utandyra í blíðskaparveðri og mættu á hann um 50 manns. Guðlaugur B. Aðalsteinsson, barnabarn Theodórs, sagði frá ævi hans. Í fyrra fékk Fálkasetrið styrk frá Vinum Vatnajökuls upp á 4,7 milljónir króna, til að setja upp fálkasýningu í Gljúfrastofu. Skipuð var verkefnisstjórn sem fundaði einu sinni með hönnuðum. Síðan hefur lítið gerst annað en að Guðmundur hefur aðeins unnið í efnistöfum. Búið er að óska eftir og fá framlengingu á verkefninu. Stefnt er að því að ljúka uppsetningu sýningar fyrir næsta vor.

Í fyrra hóf Fálkasetrið að vakta umferð manna í nágrenni fálkahreiðra. Félagið fékk styrki til kaupa á 8 myndavélum og leyfi Umhverfisstofnunar til að nálgast hreiður. Að auki hefur félagið aðgang að 10 myndavélum í eigu austurríks fálkavinar. Myndavélarnar eru búnar hreyfiskynjara og taka myndir þegar eitthvað hreyfist fyrir framan þær. Myndirnar eru svo sendar samstundis til skráðs viðtakanda. Vélarnar eru settar upp við aðgönguleiðir að fálkahreiðrum og ná því myndum af öllum sem nálgast þau. Nú þegar er búið að setja upp 5 myndavélar en hinar 13 bíða uppsetningar. Einnig hefur þeim skilaboðum verið komið í fjölmiðla að vöktun sé í gangi enda er fæling er mikilvægasta vörnin. Rekstrarkostnaður vélanna felast í kaupum á rafhlöðum og símaáskrift en Aðalsteinn hefur reynt að óska eftir styrk frá Símanum um niðurfellingu símaáskriftar.

Aðalsteinn hefur aðeins unnið í að skoða efni og uppfæra á heimasíðu Fálkasetursins. Það á hins vegar eftir að koma síðunni í nútímalegra form.

2. Reikningar

Sverrir kynnti reikninga ársins. Útgjöld voru rekstur heimasíðu og kaup á myndavél. Innkoman eru styrkir. Félagið átti um 25 þús. kr. um áramót. Auk þess sem fram kom í reikningi fékk Fálkasetrið 7 eftirlitsmyndavélar að gjöf frá Skugga ehf. Merki fyrirtækisins verður sett á heimasíðuna við uppfærslu hennar.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Kosning stjórnar

Stjórnarmenn og varamenn voru endurkjörnir. Stjórn skipa því Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Ögmundsson, Sverrir Thorstensen, Ari Páll Pálsson og Guðrún K. Aðalsteinsdóttir. Varamenn eru Ólafur K. Nielsen, Daði Lange Friðriksson og Sólveig Sigurðardóttir.

4. Önnur mál.

Rætt var um fyrirhugaða fálkasýningu í Gljúfrastofu. Sverrir skilar kveðju frá Magnúsi Magnússyni sem er tilbúinn að láta af hendi myndefni fyrir sýninguna. Einnig verða fengnir munir frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Guðmundur sagðir frá sýningarrými sem hann skoðaði í fálkasetri í Boise í Idaho. Þar var m.a. gerð grein fyrir helstu friðunarsinum og starfi þeirra sem er hugmynd fyrir okkur. Einnig mætti taka fyrir þær ógnir sem steðja að fálkanum s.s. mengun o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15